

Matsviðmið í samfélagsgreinum við lok 7.bekkjar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. MMS á eftir að gefa út matsviðmið fyrir 5. og 6. Bekk.

A

Nemandi getur hagnýtt og túlkað upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi. Á fjölbreyttan og skipulegan hátt fjallað um samfélagsleg málefni frá ólíkum sjónarhornum, myndað sér skoðanir og fært rök fyrir þeim. Tekið virkan, jákvæðan og ábyrgan þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Útskýrt á sjálfstæðan hátt hvernig ólíkir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd, hugarfar, samskipti og hegðun. Fjallað á sjálfstæðan hátt um viðfangsefni sem varða trúarbrögð, lífsviðhorf og siðferði í daglegu lífi sínu og annarra. Ígrundað stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu og rökrætt réttindi sín og skyldur. Fjallað á gagnrýninn hátt um lýðræði og stofnanir samfélagsins og áhrif þeirra á líf einstaklinga. Fjallað á greinargóðan hátt um sögulega viðburði og þróun samfélaga frá ólíkum sjónarhornum. Borið saman ólíkar aðstæður fólks á jörðinni, m.a. með því að afla sér með sjálfstæðum hætti upplýsinga úr kortum. Útskýrt hvernig daglegt líf mannsins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og lífsgæði.

B

Nemandi getur hagnýtt upplýsingar um samfélagsleg málefni á margvíslegu formi. Fjallað um samfélagsleg málefni frá ólíkum sjónarhornum og myndað sér skoðanir. Tekið virkan og jákvæðan þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Lýst því hvernig ólíkir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd, hugarfar, samskipti og hegðun. Fjallað um viðfangsefni sem varða trúarbrögð, lífsviðhorf og siðferði í daglegu lífi sínu og annarra. Greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu og rætt um réttindi sín og skyldur. Fjallað um lýðræði og stofnanir samfélagsins og áhrif þeirra á líf einstaklinga. Fjallað um sögulega viðburði og þróun samfélaga frá völdum sjónarhornum. Sagt frá ólíkum

aðstæðum fólks á jörðinni, m.a. með því að afla sér upplýsinga úr kortum. Tengt hvernig daglegt líf mannsins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og lífsgæði.



Nemandi getur að vissu marki hagnýtt upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi. Að einhverju leyti fjallað um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir. Tekið þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Lýst nokkrum dæmum um hvernig ólíkir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd, hugarfar, samskipti og hegðun. Fjallað að einhverju leyti um viðfangsefni sem varða trúarbrögð, lífsviðhorf og siðferði í daglegu lífi sínu og annarra. Fjallað um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu og nefnt dæmi um réttindi sín og skyldur. Fjallað að einhverju leyti um lýðræði og stofnanir samfélagsins og áhrif þeirra á líf einstaklinga. Fjallað að einhverju leyti um sögulega viðburði og þróun samfélaga. Nefnt dæmi um ólíkar aðstæður fólks á jörðinni, m.a. með því að afla sér upplýsinga úr kortum. Sagt frá hvernig daglegt líf mannsins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og lífsgæði.